

Ed.

377. Viðauka- og breytingartillögur

við frv. til laga um viðauka og breyting á lögum nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Karl Finnbogason. Magnús Pjetursson.
Karl Einarson og Jón Þorkelsson.

1. Við frv. bætist ný grein, sem verði 1. gr., svolatandi:

Heimilt skal stjórnanda eða eiganda iðnaðarfyrirtækis, efnarannsóknarstofu, náttúrugripasafna eða annara slíkra stofnana, að flytja frá útlöndum vinanda og annað áfengi til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo skal og heimilt, að flytja til landsins vinanda, sem ætlaður er til eldsneytis. Lyfsölum og hjeraðslæknum skal og heimilt, að flytja til landsins vinanda þann og annað áfengi, sem lækna telja nauðsynlegt til lækninga. Enn skal

smáskamtalæknum heimilt, að flytja frá útlöndum smáskamtalyf með vinanda í, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests. Að lokum skal próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda heimilt, að láta flytja frá útlöndum messuvín, er nauðsynlegt sje til altarisgöngu, þó í því sje meira af vinanda, en $2\frac{1}{4}$ % að rúmmáli.

2. Við 6. gr.

A undan »5«, í upphafi greinarinnar, komi:

2.